

SKÝRINGAR


- LANDNOTKUN**
- Sveitarfélagsmörk
 - Þéttbýlismörkmörk
 - Íbúðarbyggð (ÍB)
 - Verslun og þjónusta (VP)
 - Samfélagsþjónusta (S)
 - Athafnasvæði (AT)
 - Iðnaðarsvæði (I)
 - Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
 - Frístundabyggð (F)
 - Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)
 - Íþróttasvæði (ÍÞ)
 - Kirkjugarðar og grafreitir (K)
 - Opin svæði (OP)
 - Flugvellir (FV)
 - Landbúnaðarsvæði (L)
 - Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)
 - Öbyggð svæði (ÖB)
 - Vötn, ár og sjór (V)
 - Önnur náttúruvernd (ÖN)
 - Hverfisverndarsvæði (HV)
 - Friðlýstar fornminjar
 - Vatnsbólvasvæði (VB)
 - Vatnsvernd, grannsvæði
 - Vatnsvernd, fjarsvæði
 - Hindranafötur flugvallar (HF)

- ÞJÓNUSTUKERFI**
- Stofnvegir (V.nr.)
 - Tengivegir (V.nr.)
 - Aðrir vegir (til skýringar)
 - Stofnreiðleiðir (RS)
 - Héraðsreiðleiðir (RH)
 - Gönguleiðir (GL)
 - Göngu- og hjólastígar (GH)
 - Flutningslína rafveitukerfis (loftlína)
 - Flutningslína rafveitukerfis (loftlína) sem hverfur á skipulagstímabilinu
 - Flutningslína rafveitukerfis (jarðstrengur)
 - Aðveitulögn hitaveitu
 - Aðveitulögn vatnsveitu
 - Ljósleiðari
 - + Fjarskiptasendar

- ALMENNAR SKÝRINGAR**
- Hæðarlínur (20 m)
 - Byggingar
 - X Eyðibýli



GILDANDI AÐALSKIPULAG M.S.BR.
SÉRUPPDRÁTTUR: NORÐURHLUTI-BYGGÐ OG BYGGÐAKJARNAR 1:15.000



BREYTT AÐALSKIPULAG
SÉRUPPDRÁTTUR: NORÐURHLUTI-BYGGÐ OG BYGGÐAKJARNAR 1:15.000

AÐALSKIPULAG EYJAFJARÐARSVEITAR 2018-2030

Breyting á aðalskipulagi: Bakkaföt - athafnasvæði AT11 og efnistökusvæði E37

Breyting á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030, sem öðlaðist gildi 22.03.2019, felst í eftirfarandi:

Skilgreint er athafnasvæði AT11 á Bakkaföt skammt sunnan Hrafnagilshverfis. Skipulagssvæðið nær frá bókum Eyjafjarðará og að nyrri Eyjafjarðarbraut vestri. Stærð svæðisins verður um 6,8 ha. Þá er bætt við efnistökusvæðinu E37 í Eyjafjarðará, við athafnasvæðið. Sínd er tvö ták fyrir nýja efnistökusvæðið sem er bæði norðan og austan athafnasvæðisins.

Forsendur
Sveitarfélagið keypti árið 2023 landspildu úr landi Hrafnagils. Sveitarfélagið hefur uppi áform um að nýta svæðið sem sorpflokkunar-, geymslu- og athafnasvæði fyrir íbúa sveitarfélagsins. Landið er að hluta til ræktað tún og að hluta gróin árbakkar með grösom, víði og njóla. Vegna nálægðar við Eyjafjarðará er landið blautt og þarf að fergja lóðir til að gera þær byggingarhæfar. Nýju efnistökusvæði við athafnasvæðið er ætlað að sinna þeirri efnisþörf sem þörf er á vegna uppbyggingar athafnasvæðisins og annarra nærliggjandi svæða í framtíðinni.

Markmið
Breytingin miðar að því að: - Móta umgjörð fyrir flokkun sorps, - Móta snyrtilegt og vel afmarkað svæði fyrir fjölbreytta athafnastarfsemi, - Fjölga atvinnutækifærum í sveitarfélaginu.

Breyting á skipulagsuppdrætti
Bætt er við athafnasvæðinu AT11 þar sem nú er skilgreint landbúnaðarsvæði. Bætt er við veltungu að svæðinu frá nyrri Eyjafjarðarbraut vestri sem nú er í uppbyggingu. Bætt er við efnistökusvæðinu E37 (hringtákn).

Breyting á greinargerð
Bætt er við svæðinu AT11 í töflu yfir athafnasvæði. Bætt er við svæðinu E37 í töflu yfir efnistöku- og efnislosunarsvæði.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
AT11	Bakkaföt	6,8 ha	Sorpflokkunar-, geymslu- og athafnasvæði. Gætt skal sérstaklega að mengunarforvörnum og að geymsla véla eða mengandi efna innan skipulagssvæðisins hafi ekki áhrif á vatnshlot Eyjafjarðará (102-1649-R).

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
E37	Eyjafjarðará, Bakkaföt	2,9 ha	Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 50.000 m ³ af efni úr áreyrum Eyjafjarðará á skipulagstímabilinu. Sem minnst verði unnið í sjálfum farvegi árinna. Gætt skal sérstaklega að mengunarforvörnum og tryggt að starfsemi vegna efnistöku, efnislosunar eða haugsetningar valdi ekki mengun eða álagi á vatnshlot Eyjafjarðará (102-1649-R).

Umhverfisáhrif
Umhverfisáhrif Heildaráhrif og samlegðaráhrif framkvæmdarinnar eru talin hófleg, að því gefnu að gætt sé itrustu varúðar við framkvæmd og rekstur. Sérstaklega þarf að huga að áhrifum á Eyjafjarðará og lífríki hennar, þar sem svæðið hefur þegar orðið fyrir álagi vegna mannvirkjagerðar, efnistöku og umferðar.

Landslag og landnotkun
Áhrif á ásynd og landnotkun svæðisins eru talin óveruleg. Gert er ráð fyrir um 2 metra háum jarðvegsmönnum milli Eyjafjarðarbrautar vestri og athafnasvæðis, auk skjólbeltis meðfram svæðinu til suðurs og austurs. Þessum aðgerðum er ætlað að auka skjól og þrýði, draga úr innsýn og samræma ásynd svæðisins við umhverfi sitt.

Einungis lítil hluti svæðisins, um 2,2 ha, hefur verið nýttur til atvinnustarfsemi. Stærsti hluti svæðisins eru blaut tún og telst meginhluti þess því ekki gott landbúnaðarland samkvæmt viðmiðum í kafla 5.5 í greinargerð Aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2018-2030. Landmótun og frágangur skulu samræmast landslagi og stuðla að ásynd sem fellur að gróðri og jarðvegi á svæðinu.

Vistkerfi og gróður
Áhrif á vistkerfi og gróður skipulagssvæðisins eru talin óveruleg. Skipulagssvæðið einkennist af framræstum tönum, röskuðu votlendi og að hluta til grónum árbakka Eyjafjarðará. Við framkvæmdir og starfsemi skal þess gætt að ekki skapast aðstæður sem stuðla að útbreiðslu áengra framandi tegunda, svo sem alaskalúpínu og skógarkerfils. Gróðursetning og frágangur efnistökusvæðisins skulu miða að endurheimt staðbundins gróðurs og náttúrulegrar landmótunar. Forðast skal notkun tegunda sem geta haft neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni.

Dýralíf
Áhrif á dýralíf svæðisins eru óljós. Þrátt fyrir að svæðið sé talsvert raskað bendir Náttúrufræðistofnun Íslands á að það geti enn gegnt hlutverki sem búsvæði fyrir fugla og annað lífríki. Haft verður samráð við Fiskistofnu til að meta möguleg áhrif framkvæmdarinnar á laxfiska og annað lífríki Eyjafjarðará.

Vatnsgæði og mengunavarnir
Áhrif á vatnsgæði eru talin óveruleg. Vegna nálægðar við Eyjafjarðará þarf þó að tryggja að starfsemi á svæðinu, þar með talið efnistöku, efnislosun og geymsla á vélu eða mengandi efnum, valdi ekki mengun eða álagi á vatnshlotið. Við framkvæmdir og rekstur skal tryggt að til staðar sé viðeigandi búnaður og verklag til að koma í veg fyrir að olía, eldsneyti eða önnur mengandi efni berist í jarðveg eða vatn. Fylgja skal skilyrðum laga nr. 36/2011 um stjórnatvámála og tryggja að ástand Eyjafjarðará rými ekki.


Svæðið tilheyrir vatnshlotinu Eyjafjarðará 1 (102-1649-R) og vatnsflokkur þess flokkast sem straumvatn. Heildarlengd kerfisins er 118,6 km. Vistfræðilegt ástand vatnshlotsins er talið „mjög gott“ en það byggir á álagsgreiningu sem framkvæmd var af Náttúruverndarstofnun. Samkvæmt Náttúruverndarstofnun er „mjög gott“ ástand skilgreint eftirfarandi: „þar sem áhrif manna gætir lítið sem ekkert og vatnshlot er nánast alveg ósnert af álagi og athöfnun okkar“. Áreiðanleiki gagnanna er þó talin lítil samkvæmt gögnum vatnavefsjar. Umhverfismarkmið vatnshlotsins kveða á um að vistfræðilegt ástand eigi að vera „mjög gott“ og efnaræðilegt ástand „gott“. Ekki er talið að vatnshlotið sé í hættu að ná ekki umhverfismarkmiðum sínum.

Samráð
Skipulagslýsing aðalskipulagsbreytingar fór í lögbindið auglýsingar- og kynningarferli og tekið var tillit til umsagna og athugasemda sem bárust við vinnslu breytingar á aðalskipulagi.

AÐALSKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGID HEFUR MÁLS- MEDFERD SKV. 1. MGR. 36. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VAR AUGLÝST FRÁ 29.10.25 TIL 17.01.26 VAR SAMÞYKKT Á SVEITARSTJÓRN ÞANN 29.01.26

SVEITARSTJÓRI EYJAFJARÐARSVEITAR
AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN VAR STAÐFEST AF SKIPULAGSSTOFNUN ÞANN 7.4.26

AÐALSKIPULAG EYJAFJARÐARSVEITAR 2018-2030
SÉRUPPDRÁTTUR: NORÐURHLUTI - BYGGÐ OG BYGGÐAKJARNAR
STAÐSETNING BREYTINGAR



Grunnkort: Landmælingar Íslands
Myndmældur hæðarlínugrunnur
Hnitakerfi: Lambert
Hnattstaða: ÍSNET 93
Mælikvarði A3: 1:15.000

Unnið fyrir: Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar
Unnið af: Landslag ehf

Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030
Séruppdráttur: Norðurhluti - byggð og byggðakjarnar
Breyting á aðalskipulagi:
Bakkaföt - athafnasvæði AT11 og efnistökusvæði E37
Dags: 10. okt. 2025